


SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



2020-2024

Drög til samráðs



Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, október 2019
Útgáfa 1.0

Ábyrgðarmaður
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV

Grafísk hönnun
Reykjavík Letterpress

Myndlýsingar



Efnisyfirlit

Sóknaráætlunar 2020-2024

Inngangur	3	- innviðir	23
Ferli vinnu Sóknaráætlunar	4	- mælikvarðar árangurs	24
Leiðarljós og framtíðarsýn	5	Umhverfismál	25
Staða landshlutans 2020	6	- mælikvarðar árangurs	17
Styrkur - Veikleikar	7	- inngangur	26
Sviðsmyndir	8	- loftslagsmál	27
Lykil málaflokkar sóknaráætlunar	9	- sjálfbærni	28
Atvinnuþróun og nýsköpun	10	- endurvinnsla	29
- inngangur	11	- sorphirða	29
- ferðaþjónusta	12	- mælikvarðar árangurs	30
- frumkvöðlastarf	13	Menntamál og lýðfræðileg þróun	31
- landbúnaður og sjávarútvegur	14	- inngangur	32
- iðnaður	15	- stefnumótun menntamála	33
- samstarf og sérstaða	16	- lýðfræðileg þróun	34
- mælikvarðar árangurs	17	- rannsókn- og vísindastarf	35
Menningarmál	18	- mælikvarðar árangurs	36
- inngangur	19		
- menningartengd ferðaþjónusta	20	Sóknaráætlun SSNV - mælikvarðar	37
- tónlistarstarf, sviðslistir og kvikmyndir	21	Tengsl við opinberar áætlanir	38
- textíll og handverk	22	Tenging við heimasíður	40
- söfn og menningararfur	23		



Inngangur

Í sögu heimspekingsins Lewis Caroll um Lísu í Undralandi sagði kötturinn aðspurður við Lísu, að ef hún vissi ekki hvert hún vildi fara, skipti engu hvaða leið hún veldi. Það eru orð að sönnu. Mikilvægt er, þegar lagt upp í ferðalag, að skilgreina hvert á að fara og velja í framhaldinu þá leið sem vænlegust er til að komast á áfangastað.

Segja má að speki Lísu í Undralandi lýsi vel tilgangi sóknaráætlana landshlutanna. Í þeim er dregin saman staða viðkomandi landshluta með aðkomu þeirra aðila sem í hlut eiga, íbúa svæðisins. Sú staða auðveldar ákvörðun um áfangastaðinn, hvert við viljum sjá landshlutann þróast, og í framhaldinu leiðina sem fara á til að komast þangað.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) samþykkti á vordögum 2019 að ráða KPMG til ráðgjafar við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2020-2024. Héldu þeir utan um vinnuna í samvinnu við verkefnisstjórn sem skipuð var af stjórn, fulltrúum sveitarfélaga sem ekki eiga fulltrúa í stjórn og starfsmönnum SSN. Við vinnuna var mikil áhersla lögð á samráð við íbúa svæðisins enda þeir sérfræðingar í málefnum landshlutans. Einnig var gengið út frá fyrirliggjandi gögnum um stöðu svæðisins, svo sem niðurstöðum íbúakannana, fyrirtækjakönnunar, gögnum frá Þjóðskrá, Bygðastofnun o.fl.

Haldnir voru fjórir íbúafundir í tengslum við vinnuna. Þrír þeirra voru minni fundir sem settir voru upp í hverri sýslu, V-Húnavatnssýslu, A-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Á hvern þessara funda komu um 20 manns. Einnig var haldinn stórfundur fyrir allt svæðið og sóttu þann fund um 70 manns. Þessu til viðbótar var við upphaf vinnunnar gerð íbúakönnun og tóku um 320 manns þátt í henni.

Það má því segja að á fimmta hundrað íbúa Norðurlands vestra hafi komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Allir fundir voru auglýstir opnir en einnig var boðið sérstaklega til þeirra svo aðkoma þversniðs íbúa svæðisins yrði tryggð.

Samhliða þessu var settur upp rafrænn samráðsvettvangur sem var vel upplýstur um ferli vinnunnar, stöðu hennar og framvindu. Mun sá samráðsvettvangur fá upplýsingar um vinnuna á samningstímanum með reglulegum fréttabréfum, auk þess að vera til ráðgjafar um möguleg áhersluverkefni og fleira sem áætluninni tengist. Um 100 aðilar eru skráðir á þennan vettvang í upphafi gildistíma sóknaráætlunarinnar og er hann þverskurður

af íbúum svæðisins. Áhersla verður lögð á að fjölga aðilum á þessum vettvangi með kynningu á honum á samningstímanum. Þessi leið við samráð var farin með hliðsjón af því að samráðsvettvangur fyrri sóknaráætlunar nýttist ekki sem skyldi og er það von samtakanna að rafræn útfærsla muni auka þátttöku í mótun vinnunnar við að hrinda áætluninni í framkvæmd.


Að síðustu var áætlunin sett til samráðs á vefnum og til lit tekið til þeirra athugasemda sem þar komu fram áður en hún var lögð fyrir haustþing SSNV til samþykktar og í framhaldinu til samþykktar sveitarfélaganna 7 á starfssvæði samtakanna.

Framkvæmd áætlunarinnar sem hér er sett fram verður á ábyrgð starfsmanna SSNV með liðsinni stjórnar samtakanna og rafræns samráðsvettvangs. Helstu áherslum verður náð fram með úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði sem og með skilgreiningu áhersluverkefna sem munu hafa skírskotun til áætlunarinnar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem og annarrar stefnumótunar af hálfu ríkis og sveitarfélaga þar sem það á við.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Framkvæmdastjóri SSNV



Ferli vinnu Sóknaráætlunar Norðurlands vestra





Leiðarljós og framtíðarsýn

Leiðarljós og framtíðarsýn landshlutans lýsir þeirri stöðu árið 2024 sem sóknaráætlun er ætlað að stuðla að. Leiðarljós eru þau gildi og menning sem landshlutinn byggir á og framtíðarsýnin lýsir mælanlegum markmiðum árangurs.

Leiðarljós í sóknaráætlun SSNV til 2024 byggir á eftirfarandi meginþáttum:

Framsækið atvinnulíf með sterkar grunnstoðir sem byggja á náttúru-
auðlindum.

Fjölskylduvænt samfélag sem hlúir
að fólki á öllum æviskeiðum.

Samfélag sem leggur áherslu á
umhverfismál.

Lifandi og fjölbreytt menningarstarf.

Framtíðarsýn

Árið 2024 mun Norðurland vestra hafa náð umtalsverðum árangri og ætlum við m.a. að:

- Nýta tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar
- Fjölga stoðum í atvinnulífinu
- Efla menningarstarf
- Fjölga íbúum í landshlutanum í takt við landsmeðaltal
- Efla umhverfisvitund og draga úr kolefnisspori svæðisins
- Auka fullvinnslu afurða úr héraði
- Hækka menntunarstig íbúa á svæðinu





Staða landshlutans 2020

Svæði sóknaráætlunar Norðurlands vestra nær frá Stikuhálsi á milli Bitrufjarðar og Hrútafjarðar, austur um Húnavatnssýslur og Skagafjörð að Tröllaskaga. Sóknaráætlunarsvæði Norðurlands vestra er samfallandi starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV. Á svæðinu bjuggu rúmlega 7.200 manns þann 1. janúar 2019 sem skiptist niður á sjö sveitarfélög: Akrahrepp, Blönduósbæ, Húnaþing vestra, Húnavatnshrepp, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Sögulega hefur Norðurland vestra byggst mikið á landbúnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða. Sjávarútvegur er einnig nokkuð sterkur aukiðnaðar og fjölda opinberra starfa.

Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði um 743 eða 9% á árunum 2000-2019. Íbúum fækkaði í öllum sveitar-

félögum landshlutans á tímabilinu. Á sama tímabili fjölgaði íbúum Íslands í heild um 28%. Veruleg fjölgun varð á erlendum ríkisborgurum á sama tíma. Í Húnaþingi vestra fór hlutfallið úr ríflega 3% í 7%, í landshlutanum úr 1% í 7% og í Skagafirði úr 1% í 5,5%.

Í gögnum frá Hagstofu Íslands kemur fram að hlutfall þeirra sem aðeins hafa lokið grunnmenntun er með því lægsta sem gerist á Norðurlandi vestra og sömuleiðis er hlutfall þeirra sem lokið hafa grunnnámi á háskólastigi einna lægst á Norðurlandi vestra sé staðan borin saman við aðra landshluta.

Tekjur á mann, miðað við útsvarsstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann, eru umtalsvert lægri á Norðurlandi vestra en landsmeðaltal. Þó hafa tekjur á alla þessa mælikvarða farið vaxandi undanfarin ár.



Styrkur

Eitt helsta landbúnaðarhérað landsins

Sterkur sjávarútvegur

Öflug úrvinnsla í frumatvinnugreinum

Landfræðilega miðsvæðis milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins

Yfirgripsmikill sagnaarfur

Mikil náttúrufegurð

Veikleikar

Fámennur landshluti

Fábreytt atvinnulíf

Vantar sterkari innviði og „segla“ í ferðaþjónustu

Tiltölulega lágt menntunarstig*

Efla mætti samstöðu sveitarfélaganna í landshlutanum

Þróun atvinnulífs í landshlutanum hefur að ýmsu leyti verið hægari en á öðrum stöðum landsins


**M.v. tölur frá Byggðastofnun fyrir 2014*

Heimild: Stöðugreining Norðurlands vestra, Byggðastofnun.



Sviðsmyndir

Sviðsmyndir hjálpa okkur að horfa til framtíðar og átta okkur á því hvernig hún gæti litið út. Fjórar sviðsmyndir hafa verið mótaðar fyrir framtíð Norðurlands vestra þar sem við horfum til ársins 2040. Þær byggja á tveimur sterkum drifkröftum, annars vegar hvernig þróun menntunar og færni íbúa mun þróast og hins vegar hvort áherslan í atvinnustarfsemi svæðisins verði á magn eða virðisauka. Hver og ein sviðsmynd lýsir mögulegri stöðu í atvinnu- og samfélagsmálum og þeirri þróun sem leiddi samfélagið þangað. Með því að átta okkur betur á því að framtíðin getur þróast með ólíkum hætti hjálpar það okkur að undirbúa óvissa framtíð. Þær aðgerðir sem við grípum til í dag munu sannarlega hafa áhrif á framtíðina og þess vegna er afar mikilvægt að við mótun Sóknaaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2020-2024 höfum við haft ólíkar sviðsmyndir um framtíð landshlutans í huga.





Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun

Lykilmálaflokkar sóknaráætlunar

Við gerð sóknaráætlunarinnar var unnið með fjóra lykilmálaflokka. Þessir málaflokkar eru atvinnuþróun og nýsköpun, menningarmál, menntamál og lýðfræðileg þróun og umhverfismál en auk þess gafst þátttakendum tækifæri á að koma að öðrum hjartans málum sem ekki féllu beint undir málaflokkana fjóra. Í hverjum málaflokki er stuttur inngangur um stöðu mála, stefna til næstu fimm ára auk þess sem megináherslur, markmið og helstu aðgerðir eru tilteknaðar.

Horft var til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við gerð sóknaráætlunar og einstök markmið og aðgerðir tengdar við ákveðin heimsmarkmið.





Lykil málaflokkar sóknaráætlunar

Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun





Inngangur

Atvinnuþróun og nýsköpun er öllum samfélögum mikilvæg. Í síbreytilegu umhverfi undir áhrifum fjórðu iðnbyltingarinnar er afar mikilvægt að sækja fram, þróa núverandi atvinnustarfsemi eftir fremsta megni og hvetja til nýsköpunar á sem flestum sviðum. Líklegt er talið að sjálfvirknivæðing muni eyða mörgum þeirra starfa sem til eru í dag. En á sama tíma verður til fjöldi nýrra starfa og því afar mikilvægt að tileinka sér breytt atvinnumynstur og þróun á því sviði.

Á Norðurlandi vestra eru mörg dæmi um árangursrík og frambærileg verkefni og má m.a. nefna nýsköpun í menningartengdri ferðaþjónustu á borð við sýndarveruleikasýninguna 1238 á Sauðárkróki, uppbyggingu við Þrístapa og Kakalaskála. Norðurland vestra er eitt af lykilmatvælaframleiðsluhéruðum landsins með sterkar rætur í sjávarútvegi og landbúnaði en einnig er rík hefð fyrir margskonar iðnaði, opinberri þjónustu og vaxandi ferðaþjónusta er á svæðinu.

Stefna

Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins.

Megináherslur

Megináherslur Sóknaráætlunar 2020-2024 í atvinnuþróun og nýsköpun fela í sér að:

- Auka fullvinnslu afurða
- Fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu s.s. í ferðaþjónustu, nýsköpun, vöruþróun, landbúnaði og sjávarútvegi
- Draga úr umhverfisáhrifum atvinnustarfsemi á svæðinu





Ferðapjónusta

Markmið

Fjölga gistinóttum um 20% fyrir 2025

Fjölga ferðamönnum utan háannar um 35%

Draga fram sérkenni svæðisins

Bæta samgöngur á heilsársgrundvelli

Dæmi um aðgerðir

Fjölga viðburðum allt árið t.d. matarhátíðum og tengja við gistimöguleika

Fjölga afþreyingarmöguleikum fyrir ferðamenn á svæðinu

Efla áfram Norðurstrandarleið og markaðssetja betur

Fjölga gistimöguleikum fyrir stærri hópa ferðamanna

Styðja við heilsuferðapjónustu (slökun, hreyfing, núvitund)

Efla millilandaflug til Akureyrar

Nýta uppskerutíma að hausti til að vekja athygli á matartengdri ferðapjónustu

Markaðssetja Norðurland vestra sem heild

Virkja samstarfshóp heilt yfir landshlutann

Bæta samgöngur til austurs (Akureyri)

Bæta almenningssamgöngur innan og til svæðisins

Heimsmarkmið





Frumkvöðlastarf

Markmið

Fjölga sprotafyrirtækjum og efla þau sem fyrir eru

Dæmi um aðgerðir

Efla stuðning við frumkvöðla á fyrstu stigum

Hvetja til tengslamyndunar (e. networking) t.d. með viðburðum

Fjölga skrifstofuhótelum og fjarvinnurýmum

Koma upp tilraunastöðvum sem byggja á sérstöðu svæðisins t.d. í ylrækt, matvælaþróun og fullvinnslu afurða

Kortleggja styrkleika svæðisins í frumkvöðlastarfi og leggja áherslu á þá

Efla fræðslu til frumkvöðla

Koma frumkvöðlafræðslu inn á öllum skólastigum

Fara í hvatningar- og fræðsluherferð á svæðinu

Kynna betur þá ráðgjöf sem er í boði

Styðja við fullvinnslu afurða

Kanna áhuga hjá bændum á fullvinnslu afurða

Styðja við tilraunastarfsemi í fullvinnslu

Fjölga frumkvöðlum og styðja við nýsköpun og vöruþróun í matvælageiranum

Heimsmarkmið





Landbúnaður og sjávarútvegur

Markmið

Hámarka nýtingu afurða

Umhverfisvænni
matvælaiðnaður

Tengja frumframleiðendur
og neytendur betur

Dæmi um aðgerðir

Styðja við nýsköpun og vöruþróun í matvælaiðnaði

Styðja við verkefni sem hvetja til fullvinnslu afurða

Setja markmið umfram lögboðnar skyldur
– vera til fyrirmyndar í umhverfismálum

Draga úr kolefnisspori matvælaiðnaðar á svæðinu

Fara í alþjóðlegt samstarf um umhverfisvænni lausnir

Upprunamerkingar

Beint frá býli/bát

Styðja við REKO og beint frá býli

Halda opna matarmarkaði með starfandi bændum
og frístundabændum

Heimsmarkmið






Iðnaður

Markmið

Umhverfisvænni iðnaður



STÁLFRIRKNI-
VÆÐING
HESTAMENNSKUNNAÐAR?

Dæmi um aðgerðir


Nýta vind og glatvarma á svæðinu

Hvetja til alþjóðlegs samstarfs m.a. í gegnum erlend styrkjaverkefni


Auka tækniþekkingu

Styðja við nýsköpun í textílframleiðslu, menntun, menningu og sögu

Heimsmarkmið



NÝSKÖPUN
Í VÖRUPRÓUN





Samstarf og sérstaða

Markmið

Byggja atvinnuþróun
á sérkennum svæðisins

Auka fjölbreytni starfa um 15%

Fjölga störfum sem krefjast
aukinnar menntunar

Auka meðvitund um atvinnulíf
á svæðinu

Dæmi um aðgerðir

Efla nýsköpun og rannsóknir í samstarfi
háskóla og atvinnulífs

Laða stofnanir og fyrirtæki til svæðisins

Bæta búsetuþýmynd svæðisins – fjölskylduvænt

Byggja upp og/eða laða að hátæknifyrirtæki

Styðja við framþróun í núverandi lykilatvinnugreinum

Halda atvinnulífssýningu fyrir landshlutann allan

Styðja við markvissa miðlun fréttar af
atvinnustarfsemi á svæðinu

Heimsmarkmið





Mælikvarðar árangurs

Fjöldi gistinguátta

Fjöldi ferðamanna

Fjöldi ferðamanna utan háannar

Fjöldi sprotafyrirtækja

Fjöldi atvinnutækifæra

Meðallaun




Lykil málaflokkar sóknaráætlunar

Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun





Inngangur

Norðurland vestra er landsþekkt fyrir öflugt menningarlíf og má þar m.a. nefna söng- og kórastarf, hátíðir, textíl og handverk, auk safna o.fl. Fjölbreytt menningarstarfsemi er mikilvægur hluti af öllum samfélögum og hefur margvísleg áhrif á atvinnulíf á svæðinu m.a. í ferðapjónustu, menntun, verslun og þjónustu. Því er afar mikilvægt að styðja við öflugt og framsækið menningarstarf og þróa áfram þá lykilþætti sem til staðar eru.

Stefna

Menningar- og listalíf á Norðurlandi vestra dregur til sín gesti víða að og styður við íbúðapróun á svæðinu. Aðstæður til listsköpunar og viðburðahalds er með því besta sem gerist á landinu.

Megináherslur

Megináherslur Sóknaráætlunar 2020-2024 í menningarmálum eru:

- Efla viðburði og hátíðir
- Styðja við matar- og menningartengda ferðapjónustu
- Kynna betur menningararf svæðisins
- Hvetja til aukinnar sköpunar í tónlist, sviðslistum og kvikmyndum





matar-ferðir

Menningartengd ferðaþjónusta

Markmið

Dæmi um aðgerðir

Heimsmarkmið

Fjölga sameiginlegum viðburðum fyrir allt Norðurland vestra

Sameiginlegur markaðs- og menningarfulltrúi verði ráðinn til starfa fyrir svæðið allt

Auka samstarf um menningarviðburði og hátíðir s.s. Eld í Húnaþingi, Húnavöku, Réttir Food Festival, Sveitasælu, Lummudagar, Hofsós heim o.fl.



Stórir viðburðir, sýningar eða tónleikar frá öðrum landshlutum verði a.m.k. 3 á ári

Hefja samstarf við Leikfélag Reykjavíkur, Þjóðleikhúsið, Íslensku óperuna, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listahátíð eða aðra sambærilega aðila um að halda reglulega viðburði á Norðurlandi vestra



Auka hlutfall ferðamanna sem sækir menningartengda ferðaþjónustu svæðisins

Efla ferðaþjónustu utan háannar með menningarviðburðum

Tengja betur saman menningar- og ferðaþjónustuaðila m.a. í markaðssetningu



Tengja íbúa og ferðamenn betur við sögu svæðisins

Fræða íbúa og tengja þá betur við sagna- og bókmenntaarf svæðisins s.s. við þjóðsögur Jóns Árnasonar, sögur Guðrúnar frá Lundi, Grettissögu, Vatnsdælu, Sturlungu o.fl.



Byggja upp matarhátíðir

Efla áfram Réttir Food Festival og byggja hana upp sem fastan lið í menningarlífi svæðisins



Fjölga gestum um a.m.k. 20% á ári sem koma á matarhátíðir

Tengja saman matarhátíðir og ferðaþjónustuaðila s.s. gististaði og ferðaskipuleggjendur





gott menningarstarf
þarf betri kynningu



Tónlistarstarf, sviðslistir og kvikmyndir

Markmið

Tryggja gott starfsumhverfi fyrir tónlistarskóla, nemendur og starfandi tónlistarmenn

Byggja upp fjölbreytt leiklistarlíf

Styðja við kennslu, aðstöðu og búnað tengt kvikmyndagerð

Dæmi um aðgerðir

Koma upp fjölnota tónlistarrými í þéttbýliskjörnum

Tónlistarkennarar starfi á öllu svæðinu

Efla tónlistar- og sviðslistamenntun í skólum á svæðinu

Efla samstarf leikfélaga í landshlutanum

Laða að gestaleikhópa til sýningahalds

Nýta húsnæði sem til er sem kvikmyndaver

Heimsmarkmið





BJÓÐA UPP Á
AÐSTÖÐU FYRIR
LISTAMENN



Textíll og handverk

Markmið

Verða miðstöð textíllpekkingar- og þróunar á Íslandi

Dæmi um aðgerðir

Markaðssetja textíl bæði innanlands og erlendis

Nýta innlenda og erlenda styrki til þróunar og rannsókna

Sækja fram í textíl með alþjóðlegu samstarfi við listamenn og rannsókna- og menntastofnanir

Tryggja pekkingu á handverki

Halda á lofti gömlum handverkspáttum með námskeiðahaldi, sýningum o.fl.

Heimsmarkmið





Söfn og menningararfur

Markmið

Tengja söfn, sýningar og setur við kennslu í skólum

Dæmi um aðgerðir

Efla samstarf við skólana með árlegum samstarfsfundum og reglulegum heimsóknum nemenda

Auka vægi skapandi greina í grunnskólum og bjóða upp á námsbraut listgreina við FNV

Heimsmarkmið



Innviðir


Markmið

Bæta aðstöðu fyrir menningarstarf

Dæmi um aðgerðir

Koma upp öflugum menningarhúsum í þéttbýliskjörnum og nýta félagsheimilin betur á öllu svæðinu

Heimsmarkmið





Mælikvarðar árangurs

Fjöldi gesta sem sækja matarhátíðir

Fjöldi menningar- og listviðburða

Fjöldi starfa í skapandi greinum

Hlutfall veltu skapandi greina í landshlutanum



Lykil málaflokkar sóknaráætlunar

Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun





AUKIÐ SAMSTARF MILLI SVEITARFÉLAGA



Inngangur

Umhverfismál hafa fengið umtalsverða athygli á undanförnum misserum samhliða aukinni umræðu og umhverfisvitund. Loftslagsmál hafa verið afar áberandi en til umhverfismála teljast ótal margir aðrir þættir sem skipta máli, sérstaklega í nærumhverfi okkar. Umhverfisvitund íbúa hefur verið að aukast, t.a.m. um plastnotkun, mikilvægi sorpflokkunar og nýtni.

SSNV hefur lagt talsverða áherslu á umhverfismál og eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar 2015-2019 var að láta reikna út kolefnisspor svæðisins. Niðurstöðurnar munu m.a. nýtast til að hvetja til frekari umræðu um loftslags- og umhverfismál en ekki síður til að gefa okkur mynd af því hvar landshluttinn stendur í málaflokknum.

Stefna

Norðurland vestra verði til fyrirmyndar í umhverfismálum. Íbúar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög vinni markvisst í því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hvetji til aukinnar sjálfbærni og endurvinnslu.


Megináherslur

Megináherslur Sóknaráætlunar 2020-2024 í umhverfismálum fela í sér að:

- Draga úr kolefnisspori landshlutans
- Auka sjálfbærni og nýtingu
- Bæta endurvinnslu og sorphirðu/flokkun



ÚTVEGA VÖRU
ÚR HEIMABYGGÐ
FYRIR MÖTUNEYTI
SVÆÐISINS



Loftslagsmál

Markmið

Minnka kolefnisspor
Norðurlands vestra um 5%

Dæmi um aðgerðir

Reikna kolefnisspor á 4-5 ára fresti og fylgjast með þróuninni

Draga úr landeyðingu og stuðla að endurheimt vistkerfa

Hvetja íbúa, fyrirtæki og stofnanir til að versla matvæli úr héraði með markvissu kynningarstarfi

Styðja við endurheimt votlendis


Styðja við aukna skógrækt í landshlutanum

Efla almenningssamgöngur

Auka stuðning við orkuskipti í samgöngum s.s. með fjölgun hleðslustöðva

Heimsmarkmið





upprunamerkingar

Sjálfbærni

Markmið

Auka fullvinnslu

Dæmi um aðgerðir

Fullvinnsla hliðarafurða m.a. fiskpróteins og innmats

Hvetja til stöðugra tilraunaverkefna til fullvinnslu afurða

Styðja við markaðssetningu nýjunga í fullvinnslu afurða

Auka sjálfbærni á öllum sviðum

Halda áfram stuðningi við smá- og heimavirkjanir

Minnka notkun einnota umbúða

Nýta affall af heitu vatni, glatvarma og rafmagni til ylræktar eða annars konar atvinnustarfsemi

Styðja við tilraunagróðurhús þar sem frumkvöðlar geti prófað sig áfram í ræktun

Hvetja sveitarfélög til að skipuleggja svæði fyrir matjurtagarða fyrir íbúa þar sem það á við

Heimsmarkmið





Lykil málaflokkar sóknaráætlunar

Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun



EFLA
ENDURVINNSLU



Endurvinnsla

Markmið

Auka endurvinnslu og draga úr sóun á svæðinu

Dæmi um aðgerðir

Auka endurvinnsluhlutfall úrgangs

Endurvinna lífrænan úrgang t.d. með biodísilvinnslu

Heimsmarkmið



Sorphirða

Markmið

Urðun verði í takt við opinber markmið

Dæmi um aðgerðir

Samræma flokkun á sorpi á öllu Norðurlandi vestra

Auka fræðslu um bættu sorphirðu og minnkandi urðun

Minnta kerfisbundið notkun einnota plasts á svæðinu

Heimsmarkmið





Mælikvarðar árangurs

Hlutfall úrgangs sem er urðaður

Hlutfall úrgangs sem er endurunnninn

Kolefnisfótspor

Nýskráningar „grænna“ bifreiða




Lykil málaflokkar sóknaráætlunar


Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun





Inngangur

Norðurland vestra býr við góðar aðstæður í menntamálum og má þar m.a. nefna Háskólann á Hólum, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV), Farskólann og öfluga grunn- og leikskóla á vegum sveitarfélaganna. Þróun í menntamálum hefur vakið athygli víða um land og jafnvel út fyrir landsteinana og er árleg ráðstefna á svæðinu um skólaþróun og upplýsingatækni í skólastarfi (UTís) gott dæmi um það.

Þróun í íbúafjölda hefur verið heldur neikvæð, m.a. fækkaði íbúum svæðisins um 9% á árunum 2000-2019. Hlutfall kynjanna er nokkurn veginn jafnt í landshlutanum. Skv. upplýsingum frá Byggðastofnun hafa um 60% íbúa á aldrinum 25-64 ára lokið a.m.k. grunnmenntun.

Stefna

Stunduð verði markviss skólaþróun á öllum skólastigum og nýting upplýsingatækni í skólastarfi verði öðrum til fyrirmyndar. Sérstaklega verði hugað að málefnum barna, barnafjölskyldna og eldri borgara á svæðinu.

Megináherslur

Megináherslur Sóknaráætlunar 2020-2024 í menntamálum og lýðfræðilegri þróun fela í sér að:

- Efla skólaþróun og nýtingu upplýsingatækni
- Auka fjölbreytni í námi á öllum skólastigum
- Styðja við listnám og skapandi greinar á svæðinu
- Hvetja til frekari rannsókna- og vísindastarfs



MENNTA-
MIÐJA
ÍSLANDS

Stefnumótun menntamála

Markmið

Auka fjölbreytni í námsframboði
á svæðinu

Hækka menntunarstig íbúa
– 65% íbúa á aldrinum 25-64 ára
ljúki menntun umfram
grunnmenntun

Dæmi um aðgerðir

Styðja við fjar- og dreifnámskennslu á framhalds- og háskólastigi

Bæta aðstöðu íbúa til fjar- og dreifnáms

Auka tengsl háskóla og atvinnulífs

Styðja við skóla- og kennsluþróun fyrir öll skólastig í landshlutanum

Styðja við endurmenntun kennara varðandi nýtingu
upplýsingatækni í kennslu

Efla framhaldsfræðslu

Fjölga útgönguleiðum úr framhaldsskóla

Stofna skólaþróunarmiðstöðvar fyrir öll skólastig

Fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með sértæka menntun
s.s. doktorsnám, með fjölgun starfa án staðsetningar

Heimsmarkmið





Lýðfræðileg þróun

Markmið

Brúa bilið milli kynslóða

Dæmi um aðgerðir

Gera öldruðum kleift að búa í heimabyggð

Bjóða fyrirmyndaraðstöðu fyrir barnafjölskyldur m.a. í dagvistun, leikskólum o.fl.

Styðja við fjölgun íbúa til samræmis við landsmeðaltal

Bjóða upp á dagvistunarúrræði fyrir aldraða á öllum heilbrigðisstofnunum

Auka tengsl eldri borgara við leik- og grunnskólabörn

Auka lýðræðislega þátttöku ungs fólks

Styðja við aðlögun og auka þátttöku erlendra ríkisborgara í atvinnu- og menningarlífi svæðisins

Kynna betur menningu nýbúa á svæðinu

Styðja við íslenskukennslu nýbúa

Heimsmarkmið



AUKA FJÖLBREYTNÍ
OG SÉRHÆFINGU Í
NÁMSFRAMBODI Á
SVÆÐINU



Lykil málaflokkar sóknaráætlunar

Atvinnuþróun og nýsköpun

Menningarmál

Umhverfismál

Menntamál og lýðfræðileg þróun



Rannsóknna- og vísindastarf

Markmið

Efla fornleifarannsóknir

Styðja við rannsóknir og vísindastarf

Auka alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar og rannsókna

Dæmi um aðgerðir

Styðja við verkefni sem tengjast fornleifarannsóknum á svæðinu

Fjölga heilsársstörfum sem tengjast rannsóknum og vísindastarfi í lykil málaflokkum sóknaráætlunar

Hvetja fyrirtæki og stofnanir til alþjóðlegs samstarfs og aðstoða þau við styrkumsóknir

Heimsmarkmið



NOKKRAR HUGMYNDIR:





Mælikvarðar árangurs

Heilsársstörf við rannsóknir

Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf

Alþjóðlegar styrkveitingar og samstarfsverkefni

Fjöldi íbúa



Mælikvarðar árangurs Sóknaráætlunar SSNV 2020–2025

	Mælikvarði	Markmið fyrir 2025	Gögn
Atvinnuþróun og nýsköpun	Fjöldi gistinguátta	Aukist um 20%	Hagstofa Íslands
	Fjöldi ferðamanna	Aukist um 30%	Ferðamálastofa
	Fjöldi ferðamanna utan háannar	Aukist um 35%	Ferðamálastofa
	Fjöldi sprotafyrirtækja	Aukist um 10 til ársins 2025	RSK
	Fjöldi atvinnutækifæra		RSK
	Meðallaun	Hækki í takt við landsmeðaltal	RSK - Byggðastofnun
Menningarmál	Fjöldi gesta sem sækja matarhátíðir	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	SSNV talning
	Fjöldi menningar- og listviðburða	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	SSNV talning
	Fjöldi starfa í skapandi greinum	Aukist 10%	RSK
	Hlutfall veltu skapandi greina í landshlutanum	Hækki um 10%	Fyrirtækjakönnun
Umhverfismál	Hlutfall úrgangs sem er urðaður	Í takt við opinber markmið	Stekkjavík
	Hlutfall úrgangs sem er endurunninn	Í takt við opinber markmið	Stekkjavík og sveitarfélög
	Kolefnisfótspor	Lækki um 5%	Greining á vegum SSNV
	Nýskráningar “grænna” bifreiða	Verði 50%	Hagstofa Íslands
Menntamál og lýðfræðileg þróun	Heilsársstörf við rannsóknir	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	RSK
	Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf	Hækki í 65%	Byggðastofnun / Hagstofa
	Alþjóðlegar styrkveitingar og samstarfsverkefni	A.m.k. 10 á tímabilinu	SSNV talning
	Fjöldi íbúa	Fjölgi í takt við landsmeðaltal	Hagstofa Íslands



Tengsl við opinberar áætlanir

Ýmislegt hefur áhrif á framkvæmd sóknaráætlana landshlutanna. Einn af lykiláhrifaþáttunum eru aðrar opinberar áætlanir. Það er því mikilvægt að áætlanir landshlutanna rími við þær áætlanir sem unnið er eftir á landsvísu til að ná fram sem mestri samlegð og hámarka árangur.

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar

Málefni landsbyggðanna ber víða á góma í Sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis.

Meðal annars segir þar um menntamál:

Jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum verður meginmarkmið.

Einnig segir:

Ráðist verður í endurskoðun námslánakerfisins í samstarfi við námsmannahreyfingarnar þar sem lögð verður áhersla á jafnrétti til náms, skilvirkni og námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd.

Báðir þessir þættir eru afar mikilvægir með tilliti til markmiða Sóknaráætlunar Norðurlandsvestra um hækkað menntunarstig í landshlutanum.

Í kaflanum um Byggðamál segir eftirfarandi:

Mikil verðmæti felast í því að landið alltsé í blómlegri byggð. Landsmenn eiga að hafa jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum um land allt.

Í sama kafla er sérstaklega minnst á sóknaráætlanir landshlutanna þar sem segir:

Sóknaráætlanir landshlutanna eru mikilvægt tæki til að reka byggðastefnu á forsendum heimamanna. Þær verða styrktar á kjörtímabilinu. Horft verður til byggðaaðgerða sem tíðkast í nágrennalöndunum en um leið verður svæðisbundin þekking nýtt sem best. Skoðaðir verða kostir þess að nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum. Ráðuneytum og stofnunum verður falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er.

Tenging sóknaráætlana við ofangreint eru augljós og afar ánægjulegt að stefna ríkisstjórnarinnar er að styrkja þær. Þær hafa enda sannað gildi sitt samkvæmt úttekt sem gerð hefur verið á framkvæmd þeirra. Aðrir þættir sem fram koma í þessum lið stjórnarsáttmálanum hafa beina tengingu í markmið sóknaráætlunar sem lúta að fjölgun íbúa, fjölgun atvinnutækifæra, aukinni nýsköpun o.fl.

Í stjórnarsáttmálanum er sömuleiðis komið inn á dreifikerfi raforku og jöfnun raforkukostnaðar sem er veigamikill þáttur í eflingu atvinnulífs í hinum dreifðari byggðum sem og atvinnulífs. Þessi brýnu verkefni tengjast líka stórauðinni áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í Sóknaráætlun Norðurlandsvestra.

Um þetta áhersluatriði segir í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna:

Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna.

Í stjórnarsáttmálanum er fjallað um innviði og samgöngur. Þar koma fram mörg atriði sem kom fram í vinnu við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra í því víðtæka samráði sem fram fór. Eru þetta atriði eins og að hraða uppbyggingu samgöngumannvirkja og annarra innviða, eflingu innanlandsflugs og það gert að hagkvæmari valkosti fyrir landsbyggðina og einnig er ljósleiðaravæðingin nefnd sem mikilvægur þáttur.



Að síðustu skal nefnt sérstaklega að menningarmál fá sess í stjórnarsáttmálanum þar sem segir:

...skiptir máli að allir landsmenn geti notið lista og menningar og tekið þátt í slíku starfi.

Menningarhluti Sóknaaráætlunar Norðurlands vestra styður þessa áherslu stjórnarsáttmála fyllilega.

Það má af þeim örfáu dæmum úr stjórnarsáttmálanum sjá að skýr tenging er á milli hans og Sóknaaráætlunar Norðurlands vestra. Mun víðar er hægt að finna þessa tengingu, t.d. í köflum um vinnumarkað, landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu svo fátt eitt sé talið.

Byggðaáætlun

Í júní 2018 var á Alþingi samþykkt þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018- 2024 með öllum greiddum atkvæðum. Mikilvægt er að um slíkt stefnumótandi plagg sé sem víðtækust samstaða á Alþingi. Það hefur enda sýnt sig að áætlunin er þegar farin að bera árangur og fjölmörg brýn verkefni komin í framkvæmd. Ástæða er til að fagna áætluninni og ekki síst hve mörg verkefni eru þegar komin af stað. Í kafla áætlunarinnar um framtíðarsýn og viðfangsefni er eftirfarandi markmið sett fram:

Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum

lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi.

Í kaflanum um markmið áherslur og mælikvarða koma markmið stjórnvalda fram en þau eru að:

- a) jafna aðgengi að þjónustu,
- b) jafna tækifæri til atvinnu,
- c) stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Ofangreind markmið eru metnaðarfull en um leið sjálfsögð fyrir íbúa hinna dreifðu byggða um land allt. Sóknaaráætlun Norðurlands vestra er mikilvægur þáttur í að þau náist enda eru helstu áherslur sóknaaráætlunarinnar m.a. tengd atvinnuþróun og nýsköpun sem og umhverfismálum.

Sóknaaráætlun Norðurlands vestra styður ekki bara Byggðaáætlun heldur virkar stuðningurinn sömuleiðis á hinn veginn, þ.e. sértæk verkefni Byggðaáætlunar styðja helstu markmið Sóknaaráætlunar. Dæmi um slík verkefni eru:

- A.01. Ísland ljóstengt.
- A.03. Efling rannsóknar- og vísindastarfsemi.
- A.10. Almenningsamgöngur um land allt.
- A.11. Flug sem almenningsamgöngur.
- A.14. Jöfnun orkukostnaðar.


- B.01. Prífösun rafmagns.
- B.02. Flutningskerfi raforku og orkuöryggi.
- B.03. Stuðningur við uppbyggingu smávirkjana.
- B.04. Hagstæð lán fyrir landbúnað.
- B.05. Nýsköpun í matvælaiðnaði.
- B.07. Störf án staðsetningar.
- B.08. Fjarvinnslustöðvar.
- B.13. Stafrænt forskot á landsbyggðinni.
- B.14. Fjármagn til nýsköpunar.
- B.18. Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu.
- C.01. Sértæk verkefni sóknaaráætlunarsvæða.
- C.03. Stuðningur við einstaklinga – námslán.
- C. 06. Húsnæðismál.
- C.15. List fyrir alla.

Aðrar áætlanir

Finna má fjölmargar aðrar áætlanir sem Sóknaaráætlun Norðurlands vestra styður beint eða óbeint. Má þar nefna fjarskiptaáætlun, samgönguáætlun, stefnu vísinda- og tækniráðs, stefnu í loftslagsmálum og áfangastaðaáætlun svo dæmi séu tekin. Einnig má leiða líkum að því að nýsköpunaráætlun sem er í vinnslu þegar þetta er skrifað og sóknaaráætlanir hafi skýra tengingu.



VERUM MÓTTÆKILEG FYRIR
BREYTINGUM



Uppbyggingarsjóður veitir styrki úr Sóknaaráætlun Norðurlands vestra.

Smelltu hér fyrir nánari upplýsingar um sjóðinn og styrki.

Nánari upplýsingar um sóknaaráætlun Norðurlands vestra.

Smelltu hér!

